

Ed.

669. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa sildarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við sildarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

(Eftir eina umr. i Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka við sildarverksmiðju þá, sem heimilað var með lögum nr. 10 13. janúar 1938 að reisa á Raufarhöfn, þannig að hún geti unnið úr um 5000 málum síldar á sólarhring.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að kaupa vélar og gera nauðsynlegar breytingar á sildarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði, þannig að afköst þeirra aukist um 2500 mál síldar á sólarhring, auk þeirra 2400 mála, sem heimilað var að auka við verksmiðjurnar með téðum lögum.

2. gr.

Til þeirrar aukningar sildarverksmiðjanna á Raufarhöfn og Siglufirði, sem um ræðir í téðum lögum og í 1. gr. þessara laga, heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að einni milljón og sjö hundruð þúsundum króna, eða jafngildi þess fjár í erlendum gjaldeyri, til viðbótar þeirri einni og hálfri milljón króna, sem heimilað var að taka að láni með 2. gr. téðra laga.

3. gr.

Um stofnun og starfrækslu hinna stækkuðu verksmiðja fer að öðru leyti eftir lögum um sildarverksmiðjur ríkisins.

4. gr.

Þegar komin er í framkvæmd stækkun sú á sildarverksmiðjunni á Raufarhöfn, sem lög þessi heimila, skal verksmiðjustjórnin láta efnalitla, duglega nemendur úr lærdómsdeildum menntaskólanna og háskólanum sitja fyrir um allt að þriðjungum þeirrar aukningar á vinnu í verksmiðjunni, er af stækkun hennar leiðir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.